

Mál nr. 24/2009

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um ábyrgð vinnuveitanda er starfsmaður féll úr vinnutröppu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.1.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.2.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fyrirtækinu V. Þann 11.5.2007 var M að störfum á vegum V í húsnæði annars fyrirtækis, Mílu ehf. Hann stóð í um 2,82 m hæð efst í vinnutröppu og var að skrúfa festingar í loftstokk. Hrasaði hann þá í tröppunni og féll niður á gólf og slasaðist. Í tilkynningu til Vinnueftirlits ríkisins og umsögn VER um slysið segir að M hafi verið að mæla fyrir festingu fyrir loftræstistokk. Jafnframt segir í umsögninni að M hafi teygst sig eitthvað með málbandið og við það hafi trappan skrið til eða hann misst jafnvægið og fallið niður á gólf.

Um aðstæður á slysstað segir í umsögn VER að þær hafi verið fremur góðar að öðru leyti en því að heppilegra hefði verið að vinna við uppsetningu loftræstistokksins úr hjólavinnupalli. Vinnutrappan sem er framleidd á Íslandi hafi verið alveg ný og virtist vera traustlega smíðuð. Hún hafi þó ekki verið merkt staðli EN-131 eins og skylt er að gera við vinnutröppur og stiga. Orsök slyssins virðist helst mega rekja til þess að verið var að vinna úr tröppu verk sem betur hefði hentað að nota hjólavinnupall við.

Í upplýsingum frá V um slysið segir að M hafi sjálfur séð um umrætt verk. Hann hafi starfað hjá V í rúm 7 ár og hafi nægilega reynslu til að sinna starfi eins og um var að tefla. M hafi sjálfur hlutast til að fá umrædda tröppu keypta til verksins. Hefði hann óskað eftir verkpalli hefði honum verið útvegaður slíkur pallur.

Álit.

Stigi sá sem M stóð í er hann féll var nýr og traustlega smíðaður. Ekkert bendir til að hann hafi verið vanbúinn eða haldinn ágalla sem rekja megi slysið til. Af umsögn VER verður ekki fullyrt að óheimilt hafi verið að nota stigann við það verk sem M vann við í umrætt sinn. Jafnvel þótt svo kunni að vera að heppilegra hefði verið að nota vinnupall á hjólum við verkið, verður ekki séð að það verði rakið til ófullnægjandi leiðbeininga eða skorts á tilhlýðilegri verkstjórn hvernig M stóð að verki. Samkvæmt þessu og fyrirliggjandi gögnum málsins að öðru leyti hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem V getur borið skaðabótaábyrgð á. Bótaábyrgð verður því ekki felld á V vegna slyss M sem hér að framan greinir.

Niðurstaða.

V ber ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

Reykjavík, 4. mars 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.